



Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024

Verkefnislýsing skipulagsvinnu



VSÓ RÁÐGJÖF

1. Verkefnislýsing skipulagsvinnu

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja samanstendur af fulltrúum frá Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélaginu Garði, Sveitarfélaginu Vogum, Landhelgisgæslunni og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Auk þeirra á fulltrúi Skipulagsstofnunar sæti í nefndinni.

Verkefnislýsing Samvinnunefndar um Svæðisskipulag Suðurnesja fjallar um (a) megin áherslur skipulagsvinnu, (b) helstu verkþætti skipulagsvinnu, (c) skipulagsferlið og (d) samráð og kynningar.

Vinna við Svæðisskipulag Suðurnesja var langt komin þegar ný skipulagslög nr. 123/2010 taka gildi, en þau kveða m.a. á um að vinna skuli lýsingu á skipulagsverkefninu. Slíkri verkefnislýsingu, skv. 23. gr. laganna, er ætlað að gera grein fyrir áherslum samvinnunefndar í skipulagsvinnunni, forsendum vinnunnar, fyrirliggjandi stefnu og kynningum og samráði.

2. Áherslur skipulagsvinnu

Megin áhersla skipulagsvinnunnar er að nýta sérstöðu Suðurnesja og sóknarfæri samvinnu til hagsbóta fyrir svæðið, svo tryggja megi eftirsóknarverða framtíðarþætti og eitt atvinnusvæði, með skynsamlega nýtingu landgæða og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Tilgangur með svæðisskipulaginu er að móta **stefnu** og búa til **leikreglur** skipulagsyfirvalda fyrir þau málefni sem eru mikilvæg á svæðisvísi og snerta hagsmuni fleiri en eins aðila í samvinnunefndinni. Samvinnunefndin hefur skilgreint megin áherslur skipulagsvinnu og út frá þeim þau viðfangsefni sem skipulagsáætlunin skal vinna eftir.

Leiðarljós eru sett fram sem stefnumið fyrir hvert viðfangsefni, sem nokkurs konar almenn stefnuýfirlýsing. **Markmið/áherslur** vísa nánar til þeirra verkefna og aðgerða sem þarf að vinna til að ná settu marki. Skipulagsvinnan hefur snúið að skilgreiningu og framsetningu þessara verkefna og aðgerða sem þarf að ráðast í.

Svæðisskipulagið fjallar fyrst og fremst um viðfangsefni sem varða sameiginlega hagsmuni aðila samvinnunefndarinnar. Þessi viðfangsefni eru:

- Atvinna
- Auðlindir
- Veitur og samgöngur
- Flugvallarsvæðið
- Samfélag

3. Svæðisskipulag Suðurnesja: helstu verkþættir og skipulagsferlið

Skipulagsvinnan skiptist í nokkra áfanga.

Leiðarljós og áherslur skipulagsvinnu. Þau voru kynnt á opnum fundi 3.5.2010 og voru jafnframt aðgengileg á heimasíðum aðila samvinnunefndarinnar.

Matslýsing skv. lögum nr. 105/2006. Matslýsing var kynnt og komu fram ábendingar hjá Skipulagsstofnun um að bæta umfjöllunarefnum í umhverfisskýrslu skv. bréfi dags. 13.7.2010.

Drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja og umhverfisskýrslu. Kynning á drögum fer fram í október til nóvember 2011.

Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja og umhverfisskýrslu. Verður auglýst að lokinni kynningu á drögum og uppfærslu m.t.t. ábendinga og athugasemda íbúa og hagsmunaaðila.

Auglýsing á tillögu Svæðisskipulags Suðurnesja. Athugasemdatími verður 6 vikur. Allir geta komið með athugasemdir eða ábendingar. Jafnframt verður leitað umsagnar fagstofnana, leyfisveitenda og hagsmunaaðila.

VERKEFNISLÝSING

Afgreiðsla skipulagsáætlunar og staðfesting. Samvinnunefnd fer yfir umsagnir og athugasemdir og uppfærir skipulagsgögn, sé þess talin þörf. Nefndin afgreiðir svo tillöguna til bæjarstjórna, Landhelgisgæslunnar og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Þessir aðilar þurfa allir að samþykka skipulagsáætlunina, áður en hún er send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

4. Forsendur og áætlanir

Í upphafi vinnu nefndar var lítið til margvíslegra gagna, áætlana og laga og reglna. Helstu gögnin voru:

- Starfsreglur fyrir skipulagsnefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja, nr. 233/2009 í B-deild Stjórnartíðinda.
- Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga á Suðurnesjum og Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar.
- Íbúaspá og starfaspá sem fram koma í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna.
- Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða, með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.
- Náttúruverndaráætlunir 2004-2008 og 2009-2013 og Náttúruinjasrá.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020. Sorpa, Sorpstöð Suðurlands, Kalka og Sorpurðun Vesturlands.
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020.
- Kerfisáætlun Landsnets.
- Samgönguáætlun 2003-2014 og drög að Samgönguáætlun 2011-2022.
- Lög um náttúruvernd 44/1999.
- Skipulagslög 123/2010.
- Lög um umhverfismat áætlana 105/2006.

5. Kynning og samráð

Leiðarljós og áherslur Svæðisskipulagsins auk matslýsingar skipulagsvinnunnar hafa verið kynnt.

Samvinnunefndin hefur leitað til fjölmargra aðila til að fá upplýsingar og álit á viðfangsefnum skipulagsins. Í flestum tilvikum hafa þessir aðilar komið á fund samvinnunefndarinnar.

Drög að svæðisskipulaginu og umhverfisskýrslu verða aðgengileg á Netinu hjá aðilum samvinnunefndarinnar og verða send rafrænt til umsagnaraðila.

Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 og umhverfisskýrsla verða einnig aðgengileg á Netinu.

Rafræn gögn verða send til eftirfarandi umsagnaraðila og stjórnsýslustofnana :

- | | |
|---|-----------------------------|
| ■ Skipulagsstofnun | ■ Stjórn Reykjanesfólkvangs |
| ■ Flugmálastjórn Íslands | ■ Hafnarfjarðarbær |
| ■ Innanríkisráðuneytið | ■ Sveitarfélagið Ölfus |
| ■ Utanríkisráðuneytið | ■ Garðabær |
| ■ Umhverfisstofnun | ■ Siglingastofnun |
| ■ Fornleifavernd ríkisins | ■ Ferðamálastofa |
| ■ Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti | ■ Kadeco |
| ■ Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja | ■ Landvernd |
| ■ Vegagerðin | ■ HS Orka |
| ■ Orkustofnun | ■ Suðurlindir |

6. Tímaáætlun

Tímaferli skipulagsvinnunnar er eftirfarandi:

- Leiðarljós og áherslur. Maí 2010.
- Matslýsing skipulagsvinnu. Júlí 2010.
- Kynning á drögum að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 og umhverfisskýrslu. Október 2011. Kynning í 4 vikur.
- Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja auglýst. Janúar 2012. Athugasemdartími 6 vikur.
- Afgreiðsla Samvinnunefndar og samþykktir bæjarstjórna, Landhelgisgæslunnar og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Mars-apríl 2012.
- Samþykkt Skipulagsstofnunar á Svæðisskipulagi Suðurnesja. Apríl-maí 2012.